

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta VinnuMálastofnunar – mars 2025

Skráð atvinnuleysi í mars var 4,2%

Skráð atvinnuleysi í mars var 4,2% og lækkaði úr 4,3% frá febrúar. Í mars 2024 var atvinnuleysið hins vegar 3,8%.

Að meðaltali voru 8.509 atvinnulausir í mars, 5.038 karlar og 3.471 kona. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 223 frá febrúar.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í mars eða 7,7% og lækkaði úr 8,1% frá febrúar.¹

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,4%.

Alls komu inn 272 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá VinnuMálastofnun í mars.


Atvinnulausir voru 8.760 í lok mars, 5.115 karlar og 3.645 konur.

Í mars 2025 gaf VinnuMálastofnun út 225 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 199 á höfuðborgarsvæðinu.

Í mars voru 242 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 16 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

VinnuMálastofnun spáir því að draga muni úr atvinnuleysi í apríl og gæti atvinnuleysi orðið á bilinu 3,9% til 4,1%.

Þróun atvinnuleysis frá mars 2023 til mars 2025



¹ Athugið að atvinnuleysi eftir landsvæðum hefur verið leiðrétt fyrir tímabilið nóv.24-feb.25. Um er að ræða leiðréttingu vegna

einstaklinga sem voru í þjónustu á öðru landssvæði en búsetusvæði. Uppfærðar tölur má finna í gagnaskjali sem kom út samhliða mánaðarskýrslunni.


Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi lækkaði á flestum stöðum á landinu frá febrúar, mest þó á Vesturlandi þar sem það fór úr 3,5% í 2,9%. Atvinnuleysi var 4,1% á landsbyggðinni í mars og lækkaði úr 4,4% frá febrúar.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,4% og 2,6% á Austurlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í febrúar og mars.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á einu svæði á landinu í mars, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 3,5% en atvinnuleysi kvenna 3,9%. Mestur munurinn á atvinnuleysinu á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 8,1% en atvinnuleysi kvenna 7,1%, og á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 3,0% en atvinnuleysi kvenna 2,0%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í mars.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 8.760 í lok mars, 5.115 karlar og 3.645 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 157 frá febrúarlokum en atvinnulausum konum fækkaði um 164.

Alls var 941 atvinnuleitandi á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok mars og fækkaði um 45 frá febrúar.


Alls hafði 1.521 atvinnuleitandi verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok mars. Í mars 2024 var fjöldi þeirra hins vegar 1.156 og nemur fjölgunin 365 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.786 í mars síðastliðnum en voru 1.640 í mars 2024.

Atvinnugreinar


Atvinnulausum fækkaði í flestum atvinnugreinum í mars. Mest var fækkunin í farþegaflunum með flugi þar sem fækkaði um 82. Atvinnulausum fjölgaði í þremur atvinnugreinum í mars en mest þó í sérfræðipjónustu þar sem fjölgaði um 26.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum




Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.912 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok mars og fækkaði um 281 frá febrúar. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 56% í lok mars.



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.031 sem er um 41% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok mars 2025




Atvinnuleyfi

Atvinnuleyfi

Í mars 2025 gaf Vinnumálastofnun út 225 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 199 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 128 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 97 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í mars, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna skorts á vinnuafla eða 67 leyfi. Þá voru gefin út 65 námsmannaleyfi og 41 leyfi vegna sérfræðipækkingar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í mars voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 32%, 27% vegna þjónustustarfa og 21% vegna starfa sérhæfðs verkafólks. Um 20% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í mars 2025




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis- tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í mars voru gefin út 96 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 57 einstaklingar, fimm fóru til bæði Litáen, Rúmeníu og Spánar. Þá voru gefin út 24 vottorð til viðbótar til 13 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, mars 2025




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 272 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í mars. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 170 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 54% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 13% á Suðurnesjum og 9% á Norðurlandi eystra. Þá eru 24% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í mars 2025



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í mars voru 242 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 16 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 160 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.